

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2003

frá 11. júlí 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2003 frá 20. júní 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 980/2002 frá 4. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2082/2000 um samþykkt á stöðlum Evrópustofnunar um flugumferðaröryggi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið liðar 66c (tilskipun ráðsins 93/65/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 R 0980**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 980/2002 frá 4. júní 2002 (Stjtið. EB L 150, 8.6.2002, bls. 38).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 980/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. júlí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 33 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 150, 8.6.2002, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann